

40. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs,
Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 29.12.2025

Fundartími: 12:00 – 13:00

Mætt til fundar: (Fundurinn fór fram á Teams)

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður (boðar forföll)

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Endurskoðun samþykktar um fráveitu hjá Mosfellsbæ

Lögð fram til kynningar, breytingar á samþykkt um fráveitu Mosfellsbæjar. Um er að ræða breytingar á samþykktunum vegna nýs fyrirkomulags á losun rotþróa innan bæjarmarka Mosfellsbæjar. Jafnframt eru leiðréttar tilvísanir í reglugerðir og nafnabreytingar á heilbrigðisnefnd eftir sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæða.

Heilbrigðiseftirlitið óskaði eftir endurskoðun á samþykkt um fráveitu Mosfellsbæjar með erindi í mars 2025, þar sem óskað var eftir að samþykktunum yrði breytt í þá veru að bæjarfélagið sæi um tæmingu rotþróa í sveitarfélaginu öllu, en ekki einungis íbúðasvæðum og á lögbýlum. Jafnframt eru breytingar á samþykktunum varðandi tilvísanir í reglugerðir og vísanir í að í stað Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis þá er eftirlit í höndum Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Heilbrigðisnefnd staðfestir þær breytingar sem lagðar eru fyrir í samþykktum um fráveitu Mosfellsbæjar og vísar til bæjarstjórnar til samþykktar. Vakin er athygli á að ný reglugerð um fráveitur og skólphreinsun, var gefin út 19. desember sl. nr. 1450/2025 og þarf að leiðrétta tilvísanir í samþykktunum með tilvísunum í þá reglugerð.


Undirskrift fundargerðar



Svanur Karl Grjetarsson formaður




Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður



Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður

